

Dagsetning: Miðvikudagur 10. mars 2016
Fundartími: Kl. 17:00
Staðsetning: Fundarherbergi fjölskylduþjónustu.

Mættir: Ágústa Þorvaldsdóttir, Bergur Þorri Benjamínsson, Jóna Imsland, Kristjana Jóhannesdóttir og Ásrún Jónsdóttir.
Fjarverandi: Margrét Össurardóttir

Dagskrá fundarins:

1. Aðgengi.

Í framkvæmdaáætlun Hafnarfjarðar koma fram eftirfarandi þættir um aðgengismál:

- Gera á úttekt á húsnæði og mannvirkjum Hafnarfjarðarbæjar með fyrirtækinu Aðgengi.is og fara í bráðaáætlunir sem þarf að gera vegna þeirra skoðunar. Ráðgjafarráð leggur áherslu á þarf áherslu á að úttekt fari fram sem fyrst svo hægt sé að setja framkvæmdir í fjárhagsáætlun næsta árs.
- Lyfta við Ásvallalaug er á áætlun. Bæta þarf annan búnað til að auðvelda aðgengi, svo sem handföng og baðstól.
- Hefðbundið viðhald á stéttum og götum. Framkvæmdasvið mun skoða aðgengismál í tengslum við hefðbundið viðhald og þiggur gjarnan ábendingar þar um.
- Talað um að fara í skoðunarferð um bæinn og meta aðgengi.

Ráðgjafarráð bendir á ábendingar og óskir frá ráðgjafarráði vegna aðgengis sem áður hafa verið sendar hafa verið Framkvæmdasviði.

2. Ferðaþjónusta. Í fundargerð Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) frá 8. febrúar sl. er samþykkt tillaga samráðshóps forstöðumanna velferðarsviða um breytingu á þjónustutíma þjónustuvæðingarfélags fyrir ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Í tilefni af því óskar Ráðgjafarráð í málefnum fatlaðs fólks eftir svörum við eftirfarandi spurningum frá Fjölskyldusviði Hafnarfjarðar:

1. Hvers vegna er ekki minnst á samráð við hagsmunafélög í fundargerð SSH frá 8.2.2016?
2. Hvers vegna hefur þjónustuhópur Strætó í ferðaþjónustu fatlaðs fólks ekki verið endurskipaður?
3. Er ákvörðun stjórnar SSH sú að breyta og stytta þjónustutíma símapantana án samráðs við hagsmunafélög?

3. Málþing.

Áhugi er hjá ráðgjafarráði að haldið verði málþing um málefni fatlaðs fólks í Hafnarfirði. Á dagskrá málþingsins yrði til umfjöllunar NPA þjónusta og önnur þjónustuúrræði fyrir fólk með fötlun, svo sem á heimilum þess og í samfélaginu. Lagt er til að málþingið verði haldið í lok september næstkomandi. Óskað er eftir aðkomu bæjarstarfsmanna við skipulag og utanumhald málþingsins.

4. Önnur mál.

- Umræða um NPA

Ákveðið að sleppa fundi í apríl. Næsti fundur ráðsins verður 12. maí.

Fundi slitið kl. 18:15

Fundarritun: Ásrún Jónsdóttir